



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík 28. apríl 2023

2212023SA VRH

Málalykill: 00.36

Efni: Jafnlaunastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Jafnlaunastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja konum og körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun (6. gr. laga nr. 150/2020).

Sambandið framfylgir jafnlaunastefnu sinni með eftirfarandi aðgerðum:

- Öðlast jafnlaunastaðfestingu í samræmi við 7. gr. / 8. gr. laga nr. 150/2020.
- Framkvæmir launagreiningu og kynnir niðurstöðurnar fyrir starfsfólki.
- Bregst við með stöðugum úrbótum og eftirliti ef kröfur staðfestingarinnar eru ekki uppfylltar.
- Árlegri rýni stjórnenda þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram.
- Kynna jafnlaunastefnuna fyrir starfsfólki og hún gerð aðgengileg almenningi á vef fyrirtækisins.

Í jafnréttisáætlun sambandsins er farið nánar yfir markmið, aðgerðir, ábyrgð og tímaramma á þeim þáttum sem falla undir jafnlaunastefnuna.

Samþykkt 28. apríl 2023

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri